

GEIMÁLFURINN FRÁ VARSLYS

Lífsleikninámsefni um slys & slysavarnir - **5. hefti**



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Efnin í umhverfinu

Unnur María Sólmundardóttir



**Geimálfurinn frá
Varslys:**

1. Brotlending
geimálfisins
2. Merkjalandið
Ísland
3. Rafmagn og
opinn eldur
4. Ár, höf og vötn
5. Efnin í
umhverfinu

Útgefandi:
Slysavarnafélagið
Landsbjörg

Höfundur námsefnis:
Unnur María
Sólmundardóttir

Grafísk hönnun:
Lóa Dís Finnsdóttir

Ljósmyndir:
Erling Ólafsson
Hreinn Magnússon
Hörður Kristinsson
Rauði kross Íslands
sigosig
Sigurður Mar
Slysavarnafélagið
Landsbjörg

Reykjavík 1. útgáfa
2004



Efnin í náttúrunni

Hæstvirta Stjórnuráð! Í fimmtu og næst síðustu skýrslunni um dvöl mína á plánetunni Jörð legg ég áherslu á efnin í umhverfi jarðarbúa. Þau eru sum hver alveg skaðlaus á meðan önnur eru hættuleg.

Svokölluð **frumefni** finnast hrein í náttúrunni eins og til dæmis kol, helíum og gull. **Efnablöndur** eru hins vegar búnar til á tilraunastofum og í verksmiðjum.

Mörg af þessum frumefnum og efnablöndum eru nauðsynleg fyrir líkamsstarfsemi jarðarbúa svo sem súrefni, vítamín og kalk. Önnur eru mikilvæg fyrir **lifnaðarhætti** þeirra eins og bensín og þvottaefni.

Hægt er að sjá sum efnin með berum augum en svo eru líka til önnur efni sem eru ósýnileg og er andrúmsloftið í gufuhvolfi plánetunnar dæmi um það.

Þar sem efnin geta verið lykta- laus geta þau að sama skapi reynst hættuleg. Margir jarðarbúar hafa veikst og jafnvel dáíð vegna eiturfna og þá ýmist vegna **inntöku** þeirra, **innöndunar** eða **ættingar** á húð.

Efnin eru alls staðar, kæra Stjórnuráð, og eru jurtir og dýralíf plánetunnar ekki undanskilin. Þetta er litrík og falleg flóra en sum afbrigði innihalda, eða gefa frá sér, hættuleg efni og eru því varasöm. Þar af leiðandi þurfa mennirnir að læra mikið um plöntur og dýr.


Ég fékk auðvitað að kynnast náttúrufrýrbærunum af eigin reynslu og verður að segjast eins og er að sú lífsreynsla var með því versta sem ég upplifði í jarðvist minni.



★ Hvað er frumefni?

★ Nefndu dæmi um efnablöndur.

★ Hvað veist þú um efnin í umhverfi þínu?



Verkefni 1

Frumefni sem finnast á Jörðinni eru flokkuð upp í frumefnatöflu sem kallast **Lotukerfi**. Frumefnin hafa ákveðna einkennisstafi, finndu út hvað þessi frumefni heita: **Au**, **Cu**, og **Ag**.

Efni í andrúmsloftinu



★ *Hvaða ár var Vestmannaeyjagosið?*

★ *Hvað heita helstu eldfjöll á Íslandi?*

★ *Hvað er gjóska?*

★ *Hvaða hættur fylgja eldgosi fyrir utan eiturgufu og gjósku?*

★ *Af hverju er kolsýringur hættulegur?*

★ *Hvernig er hægt að fyrirbyggja kolsýringseitrun?*

★ *Af hverju eru lyktarlausar lofttegundir hættulegri en þær sem lykta?*

★ *Af hverju er varasamt að fara niður í lokuð rými eins og loðnuþrær eða súrheysgryfjur?*

Eins og þið vitið, kæra Stjórnuráð, er mjög mikið af efnum á Varslys en vegna þess hve langt við erum komin í umhverfisvernd voru hættuleg efni bönnuð þegar ég var lítið geimkríli.

Þar af leiðandi þekki ég lítið til eiturefna í dag en man þó eftir því að móðir mín varaði mig oft við eiturgufu sem kom frá **eldstöðvaplánetu** við enda syðri **ormaganganna** í sólkerfi Varslyss. Jörðin er einnig eldstöðvapláneta og á Íslandi verða eldgos á fárra ára fresti. Það kemur fyrir að þau verði nálægt íbúðabygð.

Jarðarbúar segja mér að **Vestmannaeyjagosið** sé eitt eftirminni-legasta eldgosið sem orðið hefur á Íslandi einmitt vegna þess hve nálægt íbúðabygð það var og vegna björgunarafreks sem fólst í því að kæla logandi hraunið með sjó. Í gosinu fórst einn jarðarbúi vegna eiturgufu sem lagði frá því. Ég ákvað að vera við öllu búinn og kynna mér viðbrögð við eldgosum. Sem betur fer eru ekki margar lofttegundir sem ógna lífi

jarðarbúanna en það er þó margt sem þeir verða að varast. Gott dæmi er **ammoníak**, það er illa lyktandi og getur verið banvænt við innöndun. Því er mikilvægt að mennirnir gæti að sér og læri merkingar sem gefa til kynna hvar ammoníak og fleiri hættuleg efni eru geymd.


Á Jörðinni er mikið af ófleygum geimskipum, svokallaðar bifreiðar, sem þeytast á ógnarhraða eftir götum plánetunnar. Hins vegar þurfa þessi skrytnu skip eldsneyti sem nefnist bensín og þegar það brennur myndast **kolsýringur**. Kolsýringur er gott dæmi um hættulega, lyktarlausu lofttegund.

Eins og áður hefur komið fram notum við á Varslys eingöngu **metangas**, **vetni** og **sólarorku** til orkugjafar. Metangas er ekki eitruð lofttegund, það er léttara en loftið, gufar mjög fljótt upp og umhverfisvænna en bensínið.

Mér til ánægju eru jarðarbúar farnir að nota metangas þó enn gangi fáar bifreiðar fyrir því.



Ef grunur leikur á að einstaklingur hafi orðið fyrir kolsýringseitrun verður að koma honum strax út í ferskt loft. Hringja verður umsvifalaust í 112 og ef viðkomandi hefur misst meðvitund verður að leggja hann í læsta hliðarlegu og fylgjast vel með líðan hans. Gætið þess að verða ekki sjálf fyrir eitrun.



Verkefni 2

Kynntu þér viðbrögð við eldgosum og hvernig er hægt að varast eiturgufu frá þeim. Skráðu þessar upplýsingar á verkefnablaðið *Eitur úr iðrum Jarðar*.

Verkefni 3

Fara verður mjög varlega þar sem eiturgerkið er sem geimálfurinn fann. Teiknaðu merkið í *Merkjabókina* þína og skráðu upplýsingarnar við það.

Verkefni 4

Á verkefnablaðinu *Efnamerkin* eru merkingar yfir hættuleg efni sem finnast á heimilum. Gerðu könnun heima hjá þér og skráðu vörurnar sem þú finnur með þessum merkingum. eru þær á vel geymdum stað?

Verkefni 5

Leystu stafavíxlið og merktu inn á viðeigandi staði á verkefnablaðinu *Einkenni kolsýringseitrunar*.

Verkefni 6

Hannað hefur verið merki fyrir metan sem ökutækjaeldsneyti. Teiknaðu merkið í *Merkjabókina* þína.



★ Hvað þýða þessi merki?



Mengun



- ★ Hvaða áhrif geta umhverfisslys haft á heilsu manna?
- ★ Hvaða áhrif geta umhverfisslys haft á dýraríkið?
- ★ Hvað er kjarnorkuslys?



- ★ Hvaða hættur leynast á leiksvæðum?
- ★ Hvað áttu að gera ef þú finnur vopn?

Á Jörðinni eru margs konar **samfélög** og þeim fylgir úrgangur og mengun. Mengunin flokkast í **hljóðmengun, loftmengun, sjónmengun, vatnsmengun, jarðvegsmengun, lyktarmengun og frárennslismengun**.

Oft er unnið með sterk og hættuleg efni og því miður verða mörg umhverfisslys sem rekja má til vanrækslu eða mistaka jarðarbúanna. Efni frá verksmiðjum hafa lekið út í ár og vötn og ógnað lífríki náttúrunnar.

Olíumengunarslys hafa líka haft skelfilegar afleiðingar fyrir dýra- og fuglalíf á Jörðinni.

Mennirnir geta gert ýmislegt til að draga úr mengun, til dæmis minnkað notkun á ósoneyðandi efnum. Það eru efni sem hafa slæm áhrif á **ósonlagið** sem verndar menn, dýr og gróður fyrir skaðlegum **útfjólubláum** geislum sólar.

Íbúar Varslyss þurfa ekki að hafa áhyggjur af ósonlaginu lengur enda er mjög langt síðan við gerðum umhverfisverndarsáttmála sem bannaði notkun ósoneyðandi efna.



Mikið af dauðum dýrum eða fiskum á ákveðnu svæði getur bent til þess að umhverfisslys hafi orðið. Nauðsynlegt er að hafa strax samband við heilbrigðiseftirlit. Ef óvenjulegur aðskotahlutur finnst á leiksvæði, til dæmis notaðar sprautur eða nálar, má ekki snerta hlutinn heldur þarf að láta fullorðinn einstakling vita strax!



Ég gleðst yfir að geta sagt frá því, kæra Stjórnuráð, að þó mörg efni í umhverfi jarðarbúa séu skaðleg umhverfinu og valdi ýmiss konar mengun þá eru mennirnir sem betur fer að verða meðvit- aðri um **ábyrgð** sína gagnvart plánetunni.

Fjöldi manns vinnur að því að vernda Jörðina, rækta hana og hlúa að gróðri og dýraríki. Ég slóst að sjálfsgöðu í för með þeim meðan á dvöl minni stóð.

Hér til hliðar erum við einmitt að bera áburð á bert svæði til að reyna að græða það betur upp. Áburðurinn er varasamur og því notum við hanska.



★ *Nefndu nokkra aðila á Íslandi sem vinna að verndun náttúru-unnar.*



★ *Hvað er Græn- fáni?*



Verkefni 7

- Finndu dæmi um hljóðmengun, loftmengun, sjónmengun, vatns- mengun, jarðvegsmengun, lyktarmengun og frárennslismengun.
- Við berum öll ábyrgð þegar umhverfi okkar er annars vegar og aldrei er of seint að gerast umhverfisvænn. Skoðaðu samninginn *Umhverfismarkmið einstaklinga* og athugaðu hvernig þú getur stuðlað að umhverfisvernd.

Verkefni 8

Skráðu allt sem nemendur í bekknum geta gert til að verða um- hverfisvænni í skólastofunni. Bestu hugmyndirnar eru valdar og settar í *Umhverfisverndarsamning bekkjarins* sem allir nemendur í bekknum undirrita.

Verkefni 9

Á leiksvæðum geta leynst hættur vegna mengunar eða slysa- gilda. Skoðaðu glæruna *Úttekt á leiksvæðum* og kannaðu ástandið á skólalóðinni. Fylltu samnefndan gátlista út og færðu skólastjóranum auk þess að senda afrit til Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Efnin í líkamanum



★ Í tóbaksreyk eru meira en 4000 efnasambönd og af þeim eru að minnsta kosti 40 krabbameinsvaldandi. Ef þú andar að þér reykt frá öðrum færðu öll þessi efni ofan í lungu þín!

★ Hvað eru hættumörk?

★ Reykingar eru óhollar en þeim fylgja líka slysgildirur. Nefndu dæmi.

★ Hvað eru sígarettustubbar lengi að eyðast í náttúrunni?

★ Hvernig samkeppni er Reyklausí bekkurinn?



Fyrst eftir að ég brotlenti á Íslandi fannst mér skrytið að sjá reykin sem kom upp úr Jörðinni sjálfri, frá verkmiðjum, bifreiðum og jafnvel mannfólkinu.

Þið vitið, kæra Stjórnuráð, að á Varslys er til svonefnt „?M9Ss-S62S2N“ sem er vinsæl skyndibitafæða og við öndum að okkur í gegnum hólk.

Því hélt ég að litlir stautar sem sumir jarðarbúar saga reglubundið að sér væru **frumstæð** útgáfa af þeirri fæðu.

Þegar ég fann kæfandi lyktina af „?M9SsS62Sw“ mannanna var hún í engu samræmi við matarilminn sem ég átti að venjast. Því ákvað ég að láta alla skyndibitafæðu á Íslandi eiga sig.

Þegar mér var sagt að þetta nefndist sígarettur og að neyslunni gætu fylgt veikindi, jafnvel dauði, varð ég frávíta af hræðslu og pantaði mér súrefnisgrímu.

Í dag geng ég alltaf með grímuna á mér og set hana upp þegar ég óttast að tóbaksreykur í kringum mig sé að nálgast **hættumörk**.



Verkefni 10

Eiturefni í sígarettureyk eru ansi mörg og hægt að finna upplýsingar um þau á veraldarvefnum. Búðu til slagorð um nokkur þeirra sem hægt er að nota í herferð gegn reykingum. Vistaðu slagorðin inn á Hugarflugdiskinn undir heitinu: *Eiturmagnaðar upplýsingar*.

Þrátt fyrir að vera orðinn ýmsu vanur og hafa kynnst venjum jarðarbúa nokkuð vel á ég alltaf jafn erfitt með að skilja af hverju sumir þeirra hugsa ekki nógu vel um líkama sinn.

Í skýrslunni um ár, höf og vötn kom ég aðeins inn á mikilvægi vatns fyrir líkamann en eins og þið vitið, kæra Stjórnuráð, er ekki síður mikilvægt fyrir hann að fá nauðsynleg **bætiefni** og hreyfingu.

Ég er vanur því að heiman að taka alltaf inn „**JoMNæ2S79?2N**“ og „**æN69Sdúææzw**“ enda annál-aður hraustleikaálfur og verð sjaldan veikur.

Mennirnir hafa svipuð bætiefna-úrræði sem ég var ekki lengi að tileinka mér.

En það er með bætiefni eins og svo margt annað að það verður að varast að taka of mikið magn inn.

Ég lenti aldrei í því en heyrði þó sögu af litlum jarðling sem komst í mikið af **vítamín**um og **járni**, og varð fyrir eitrun.

Barnið lenti á sjúkrahúsi og dæla þurfti magainnihaldinu upp úr því.

Þetta gerðist hjá ömmu og afa barnsins og það kenndi mér að allir þurfa að huga að forvörnum á heimilum sínum, ekki bara þeir sem eiga ung börn. Þetta á að sjálf-sögðu líka við um íbúa Varslyss.



★ *Hvaða vítamín og bætiefni tekur þú?*

★ *Hvað eru steinefni?*

★ *Hvað eru litarefni?*

★ *Hvað getur gerst ef líkaminn fær ekki nauðsynleg bætiefni?*



★ *Menn og konur eru á margan hátt ólík og það á líka við um efnaskipti líkamans. Nefndu dæmi.*

★ *Hvað þýða þessi merki?*





★ Hver geta verið einkenni eitrunar?

★ Hvað er hægt að gera til að fyrirbyggja eitrun hjá börnum?

★ Hvað á að gera ef einhver innbyrðir hættuleg efni?



★ Hvað þýðir þetta merki?



Ef grunur leikur á að barn eða fullorðinn hafi innbyrt hættuleg efni verður að hringja strax í 112. Meðferð við inntöku

hættulegra efna er misjöfn eftir því um hvaða efni er að ræða. Ef uppþvottaefni hefur til dæmis verið tekið inn eða grillolía má alls ekki reyna að framkalla uppköst þar sem þessi efni geta brennt vélinda enn frekar á leiðinni upp. Við uppköst geta efnin einnig borist ofan í lungu og valdið öndunarerfiðleikum eða slæmri lungnabólgu síðar.

Til að lenda ekki í sömu raunum og aðstandendur barnsins keypti ég mér sérstakan **lyfjaskáp** sem hægt er að geyma öll lyf og vítamín í.

Einnig keypti ég **öryggislæsingar** á skápa og skúffur þar sem önnur varasöm efni eru geymd.



Verkefni 11

Á veraldarvefnum er að finna leik sem heitir *Frost og fjörefni*. Finndu hann og farðu í leikinn með bekknum.

Verkefni 12

Eiturefni geta komist inn í líkamann í gegnum munn, lungu og húð. Tengdu rétt saman á verkefnablaðinu *Orsakir eitrunar*.

Efni á heimilum

Á heimilum jarðarbúa er mörg efni að finna. Þetta eru efni eins og þvottaefni, lyf, málning, blóma-áburður, hreinsiefni, grillolía og fleira.

Sum eru mjög hættuleg og því þarf að gæta vel að hvar efnin eru geymd eins og sagan af litla barninu og vítamínunum sannar.

En fullorðið fólk getur líka farið sér að voða og sem dæmi lenti ég í því að innbyrða blómaáburð á klaufalegan hátt. Ég hafði blandað of mikinn áburð handa blóminu mínu og geymdi afganginn í gosflösku.

Næst þegar mig langaði í eitthvað svalandi að drekka greip ég gos-

flöskuna og var búinn að taka dágóðan sopa þegar ég áttaði mig á því hvað væri í henni. Þetta kenndi mér að nota aldrei matvælaumbúðir undir hættuleg efni.

Þetta varð líka til þess að ég ákvað að endurskoða heimilið og athuga hvort víðar leyndust slysagildirur. Sumir hafa orðið illa úti vegna snertingar við **ætandi** efni sem lent hefur á húð eða jafnvel í augu.

Þegar ég var að príla upp á skápana í leit að varasömum eignum rakst ég á „j5wpsæuqv2z6“ mína sem hefur að geyma plástra, verkjatöflur, ferðaveikilyf og ýmislegt fleira, ekki ósvipað því sem mennirnir eiga og kalla sjúkrakassa.



★ *Hvað hefði geimálfurinn getað gert til að koma í veg fyrir að drekka blómaáburðinn?*

★ *Af hverju er hættulegt að geyma eitrefni í matvælaumbúðum?*

★ *Hvað er efna-bruni?*


★ *Nefndu dæmi um ætandi efni sem er að finna á heimilum.*



★ *Þegar Gígur klifraði upp á skápana hefði hann getað dottið, en mörg börn slasast árlega vegna þess. Hvernig er hægt að koma í veg fyrir það?*



★ Í Nýsköpunarkeppni grunn-skólanemenda kom Sigurður Óskar Jónsson með hugmynd að úðabrusahlíf sem ver húð notanda fyrir ertandi efnum og kemur auk þess í veg fyrir sóðaskap. Hefur þú góða hugmynd sem tengist slysa-vörnum og efnum í umhverfinu?




★ Hvert á að fara með útrunnin vítamín og lyf?



Ef ætandi efni hefur komist í snertingu við húð verður að fjarlægja föt strax og skola húð vel með vatni. Ef svæðið er stórt getur verið nauðsynlegt að fara í sturtu. Þegar sterk efni hafa komist í föt verður að þvo þau nokkrum sinnum áður en þau eru notuð aftur. Ef kláði eða útbrot birtast klukkustundum eða dögum eftir óhappið verður að leita læknis og taka upplýsingar um efnið með. Ef efni berst í auga verður að halda því opnu og mikilvægt er að skola augað strax með volgu vatni. Nota verður hreint ílát undir vatnið, halla höfðinu aftur og til hliðar og láta vatnið renna frá augnkrók þvert yfir augað í 15 mínútur.



Því miður voru öll lyfin útrunnin og ég varð að losa mig við þau. Sem umhverfissinnaður geimálfur gat ég auðvitað ekki verið þekktur fyrir að sturta þessu bara í klósettið og því fór ég með efnin í eyðingu.



Verkefni 13

Finndu spilliefnamerki Sorpu, teiknaðu það inn á verkefna-bláðið *Spilliefni á heimilum*. Kannaðu hve mörg efnanna á verkefna-bláðinu eru til heima hjá þér.

Verkefni 14

Hvernig verður lífið eftir 100 ár? Munum við nota eins mikið af efnum og við gerum í dag? Hvaða efna getum við verið án? Hvaða ný efni verða komin á markaðinn þá? Hvernig munu fjölskyldur efla eiturefnavarnir heimilanna? Vistaðu hugrenningar þínar inn á *Hugarflugsdiskinn* undir heitinu: *Efnisnotkun eftir hundrað ár*.

Hættulegur gróður

Í náttúrunni finnast ýmis efni sem geta reynst mönnum og dýrum hættuleg. Sumar jurtir eru eittraðar og komst ég að raun um það á eftirminnilegan hátt þegar ég var að grilla í góðu veðri og vantaði grænmeti.

Ég skrapp út í búð og fann stóra og myndarlega sveppi á leiðinni. Ég ákvað að spara peningana eins og ég er vanur og tína íslenska náttúrusveppi í stað þess að kaupa þá.

Það vildi ekki betur til en svo að sveppirnir voru eittraðir og ég varð rosalega veikur. Lenti meira að segja með **matareitrun** inni á sjúkrahúsi. Þar kom ljós að ég

hafði borðað **berserkjasvepp** og **trjónuhadda**.

Mér var auðvitað brugðið og magakvalirnar voru miklar. Það gerist ekki aftur að ég borði eitthvað sem ég veit ekki hvað er.

Læknarnir sögðu að það hafi orðið mér til lífs hvað ég innbyrti lítið af sveppunum.

Eftir sjúkrahúsvistina notaði ég fyrsta tækifæri sem gafst til að kynna mér hvaða plöntur væru hættulegar á Íslandi, bæði þær sem finnast í náttúrunni og við mannabústaði. Samantektina getið þið séð í fylgigögnunum, kæra Stjörnuráð.



★ *Hvað er matareitrun?*

★ *Hvernig er hægt að koma í veg fyrir matarsýkingar?*

★ *Nefndu fleiri hættulegar jurtir í náttúrunni.*

★ *Nefndu fleiri hættulegar jurtir á heimilum.*

★ *Hvað er brenninetla?*

★ *Hvað er frjókornafnæmi?*






★ Hvaða þjónustu veitir Eitrunar-miðstöð?



★ Þó sumar jurtir séu hættulegar eru aðrar gagnlegar. Jurtin sem geimálfurinn heldur á er mjög græðandi og því gott að leggja hana við sár. Hvað heitir hún?



Safaríkar plöntur eru oft sérstaklega ertandi fyrir slímhimnu, augu og húð. Ef grunur leikur á að einhver hafi innbyrt eða komist í snertingu við ertandi efni eða jurtir er mikilvægt að hringja í 112 til að fá upplýsingar um rétta meðferð. Aldrei má framkalla uppköst án samráðs við lækni! Ef viðkomandi þarfnast aðhlyningar á sjúkrahúsi er mikilvægt að taka plöntuna með.



Verkefni 15

Tré, jurtir og stofublóm á Íslandi eru hættulegar slysa-gildirur. Dæmi um það er **jólastjarna**, **köllubróðir**, **töfratré** og **gullregn**. Finndu myndir af jurtunum á netinu, prentaðu þær út og límdu á verkefna-bláðið *Skaðlegar jurtir og tré*.

Verkefni 16

Það er aldrei gaman að liggja veikur. Vinir geimálfisins vissu hvað honum leiddist og sendu honum batakort á veraldarvefnum. Hann varð hrifinn og hóf að hanna sín eigin kort. Skoðaðu kortin hans á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar og sendu góðum vini eða vinkonu kveðju.

Dýrin í náttúrunni



Eftir viðureign mína við kertalífveru og björgunarsveitarhunda, eins og segir frá í fyrri skýrslum, þóttist ég hugaður hvað dýr varðar. Segja má að ég hafi ætt í allar tegundir án umhugsunar.

Þó Íslendingar séu heppnir að hafa ekki stór og hættuleg rándýr allt í kringum sig komst ég að því að margt þarf að varast í umgengni við dýr almennt.

Á Íslandi lifa ýmis skordýr og eru geitungar í uppáhaldi hjá mér enda um falleg flugdýr að ræða. Ég skildi ekki af hverju jarðlingarnir æstu sig svona mikið ef geitungsgrey villtist inn í bústað þeirra. Ég sem var svo stoltur af býlinu

sem dýrin reistu undir þakinu á fjölbýlishúsinu sem ég bjó í.

Ég skipti þó um skoðun þegar ég var stunginn enda fylgdi því mikill sársauki. Ég get sjálfum mér um kennt því flugdýrið varð eflaust skelfingu lostið þegar ég smellti á það kossi.

Eftir stunguna ákvað ég að láta alla geitungakossa vera. Sérstaklega þegar ég frétti að flugdýrin gefa frá sér eitur og að sumir jarðarbúar hafi jafnvel fengið slæmt **ofnæmiskast** vegna skordýrabits eða -stungu. Sjálfur kynntist ég ofnæmi en ekki vegna geitungsheldur lyfja.



★ *Hvernig á að forða sér frá reiðum geitungum?*

★ *Hvaða fleiri dýr á Jörðinni gefa frá sér eitur?*



★ Hvað er að gerast á myndunum hér til hliðar?



★ Hvert er svar vísna­gátunnar sem Gígur lagði fyrir Stjórnuráðið?

★ Hvaða vísna­gátur þekkir þú?

★ Hvaða dýravísur þekkir þú?




Skapast getur lífshættulegt ástand ef einstaklingur verður fyrir 100 geitungastungum eða fleiri á skömmum tíma. Einnig getur það gerst þó stungurnar séu fáar ef viðkomandi hefur ofnæmi fyrir eitrunu. Losa verður broddinn úr sárinu með því að skafa hann í burtu. Ef sárið er kreist getur meira eitur sprautast úr broddinum sem situr fastur. Þvo verður stungu- eða bitsár með sápuvatni til að koma í veg fyrir sýkingu og leggja íspoka á svæðið en kuldinn dregur úr sársauka og hægir á dreifingu eitursins. Alltaf ætti að fjarlægja geitungabú í nágrenni mannbústaða.

Áður en ég fjalla um gæludýr langar mig, kæra Stjórnuráð, að leggja fyrir ykkur vísna­gátu sem jarðarbúinn Atli Harðarson samdi.

Úr hverri ljóðlínu kemur sama svarið. Það er **samheiti** dýrs sem lifir í sjó og er jarðarbúum skeinu­hætt, en vísna­gátan er svona:

*Marar grunnt í grænu hafi.
Grásleppuna klæðir vel.
Sopin eftir sund í kafi.
Subbulega einkum tel.*



Verkefni 17

Geimálfurinn hefur skipulagt árlega ljóða- og smásagnasamkeppni sem hann tileinkar veru sinni og þeim hrakföllum sem hann lenti í á plánetunni Jörð. Semdu slysavarnaljóð eða -smásögu og sendu honum á netfangið geimalfurinn@landsbjorg.is



Þrátt fyrir að húsdýr séu mun gæfari og blíðari en villt dýr er þó margt sem þarf að huga að. Ef ég tek hunda sem dæmi þá verður að fara mjög gætilega að þeim þó þeir séu mannelkir.

Reynsla mín náði eingöngu til vel þjálfaðra og agaðra björgunar-sveitahunda þegar hér er komið sögu. Svo rakst ég á stóran og stæðilegan hund sem lá í rólegheitum að naga bein. Þurfið þið að spyrja að leikslökum?

Eftir hundsbitið fékk ég **stífkrampasprautu** og **sýklalyf**. Ekki

batnaði ástandið þegar í ljós kom að ég fékk heiftarlegt ofnæmi fyrir lyfjunum og varð mjög veikur.

Þá var ég líka við það að gefast upp, kæra Stjórnuráð, enda búinn að lenda nokkrum sinnum inni á sjúkrahúsi á skömmum tíma og hélt ég ætti aldrei afturkvæmt til Varslyss.

Raunin átti þó eftir að verða önnur og það gleður mig að geta loks sagt ykkur allt um heimferðina í síðustu skýrslunni um ævintýri mitt á plánetunni Jörð.

★ *Hundsbit og kattarklór geta reynst hættuleg og því þurfum við að læra að umgangast þessi dýr. Hefur þú lent í svipuðum sporum og geimálfurinn?*

★ *Hvað er hundaæði?*

★ *Hvað þarf að varast í umgengni við gæludýr?*

★ *Hvað þarf að varast í umgengni við húsdýr?*

★ *Hvaða slysgildirur leynast í sveit?*



*Einkenni bráðaofnæmis eru öndunarerfiðleikar, kláði, útbrot og **blóðþrýstingsfall** sem endar oft með yfirlíði. Ef grunur leikur á að um bráðaofnæmi sé að ræða verður að hringja strax í 112. Einstaklingar með ofnæmi ættu alltaf að bera **Medic Alert** hálsmen eða armband.*





★ *Margir lenda inni á sjúkrahúsi vegna veikinda og slysa, hve oft hefur þú lent í því?*

★ *Hvernig er hægt að hjálpa langveikum börnum og gera þeim lífið auðveldara?*

★ *Eftir ofnæmis-kastið hefur Gígur alltaf borið Medic Alert armband, hvað er það?*



★ *Hvað táknar þetta merki?*



Líkt og fyrri daginn upplifði ég margar raunir í leitinni að hentugu farartæki enda ekki vanur **umferð-armenningu** eins og hún gerist á Jörðinni.

Hvað heimkomuna sjálfa varðar þá þekkið þið ykkar þátt í henni, kæra Stjórnuráð, en ekki má gleyma þætti fjarskyldra ættingja okkar sem búsettir hafa verið öldum saman á Íslandi. Allt um það í lokaskýrslunni, ég kveð í bili.

Virðingarfyllt
„jbj2N
j5wþo?92N“



Verkefni 18

Í **Medic Alert** merkinu er **ryðfrítt** stál en þar sem málmurinn kemur frá plánetunni Jörð gæti hann haft truflandi áhrif á **segulsvið** plánetunnar Varslyss sem hefur allt aðra málma. Geimálfurinn þarf því nýtt merki úr öðru efni áður en hann fer aftur heim. Aðstoðaðu hann með það.

Verkefni 19

Geimálfurinn er hrifinn af gæludýrum og ætlar að taka hvolp og kettling með sér heim. Hann þarf upplýsingar um dýrin til að fyrirbyggja fleiri slys. Gerðu bækling um þau sem Gígur getur tekið með sér til Varslyss. Fram þarf að koma allt sem ber að varast í umgengni við gæludýrin.

Verkefni 20

Skráðu niður öll feitlettruðu orðin í lesefninu og finndu hvað þau þýða. Þú getur bæði stuðst við alfræðiorðabók eða notað leitarvél á veraldarvefnum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg þakkar stuðninginn

NÓATÚN



SLYSAVARNAEILDIN
HRAUNPRÝÐI HAFNARFIRÐI



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ



BRUNABÖT



NORÐURMJÓLK



LYFJAPRÓUN • HUGVIT • GÆÐI



ÍSLANDBANKI





**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG**

Skógarhlíð 14 • 105 Reykjavík • Sími 570 5900 • Fax 570 5901
skrifstofa@landsbjorg.is • www.landsbjorg.is